

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, þriðjudaginn 22.09.2020, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG). Gunnar Berg Viktorsson (GBV) sat fundinn í gegnum fjarskiptabúnað Teams. Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Erling Ásgeirsson (EÁ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS).

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Úthlutun á styrk ÍSÍ vegna Covid-19

Fjárhagsráð aðalstjórnar tók að sér það verkefni að skoða úthlutun ríkisins/ÍSÍ og koma með tillögur að skiptingu á milli deilda á þeim fjármunum sem félaginu bárust frá ÍSÍ v/Covid-19. Í ráðinu sitja IHR, BB og BS. Styrknum frá ríkinu er ætlað að aðstoða Stjörnuna við að mæta áhrifum af Covid-19 á reksturinn. ÍSÍ úthlutaði í tveimur umferðum. Í fyrri umferð almennum styrk byggðum á fjölda skráðra iðkenda 6-18 ára. Í síðari umferð var sótt um styrk til að mæta því tekjutapi sem hafði orðið fram að styrkumsókn um miðjan júní.

- Stjarnan fékk 15,6m úthlutað í fyrri umferð.
- Stjarnan fékk 9,1m úthlutað í seinni umferð, eyrnamerkt einstökum deildum.

Fjárhagsráð skoðaði aðallega tvær sviðsmyndir, svokallaðar leiðir I og II. Báðar leiðir byggja á því að ekki verði hreyft við úthlutun 2 frá ÍSÍ, þar sem sú úthlutun var eins og áður segir eyrnamerkt einstökum deildum. Að öðru leyti byggir leið I á því að úthlutun 1 verði alfarið skipt á milli deilda skv. iðkendafjölda á aldrinum 6-18 ára. Leið II byggir hins vegar á að úthlutun 1 verði að hluta til (75%) skipt á milli deilda skv. iðkendafjölda en að hluta til (25%) skv. mati á töpuðum tekjum að teknu tilliti til niðurstöðu ÍSÍ á úthlutun til einstakra deilda í úthlutun 2.

Niðurstaða:

Eftir ítarlega umræðu var ákveðið að SG myndi jafnframt ræða við ÞBS og EÁ, þar sem þau áttu ekki tók á að sitja fundinn. Stefnt er að því að niðurstaða liggi fyrir á allra næstu dögum og eigi síðar en á næsta fundi aðalstjórnar þann 6. okt. nk.